



Hjallastefnan

* Ísafjarðarbær
MÖTTEKID

30 JUNI 2016
Málsnr. 2016 · 06 · 0095
Frumrit - skilist til skjalusafns

Gæðamat og -þróun Hjallastefnunnar starfsárið 2016

Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði

Garðabæ, 30. júní 2016

Leikskólinn Eyrarskjól undirgekkst þetta starfsár, líkt og allir skólar Hjallastefnunnar, reglubundið gæðaeftirlit. Gæðaeftirlitið samanstóð af foreldra- og starfsánægjukönnun. Sílikar kannanir hafa verið framkvæmdar með svipuðu sniði frá upphafi Hjallastefnunnar og er félaginu því hægt um að meta þróun á stöðu skóla út frá samanburðarhæfum gögnum. Mannauðs- og ráðgjafarfyrirtækið Attentus sá um fyrirlögn og úrvinnslu beggja kannana fyrir Hjallastefnuna til að gæta fyllsta hlutleysis.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin sem fer fram með rafrænum hætti er bæði þjónustukönnun og könnun á mati foreldra á liðan og ánægju barns. Meðaltalseinkunn skóla Hjallastefnunnar var að þessu sinni 9,14 og fékk Eyrarskjól einkunnina 9,82 frá foreldrum. Farið hefur verið yfir niðurstöður og rýnt í þá þætti sem sérstök ánægja var með og gaumgæfðir þeir vankantar sem fram komu í mati foreldra og vinna sett af stað til að bæta úr þeim þegar í stað. Er það mat Attentus að meiri hluti foreldra sé ánægður eða mjög ánægður með það starf sem verið að er vinna í Hjallastefnuskólam.

Starfsánægjukönnun

Starfsánægjukönnun er einnig fastur liður í starfi allra Hjallastefnuskóla. Eyrarskjól fékk einkunnina 9,76 frá starfsfólk sínu að þessu sinni, en meðaltal annarra skóla Hjallastefnunnar var 9,04. Farið var yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundi og þær ræddar með það að markmiði að starfsmannahópurinn fyndi saman lausnir á þeim vandkvæðum sem á þeirra valdi eru að laga en einnig voru athugasemdir sem fram komu í könnuninni gaumgæfðar í yfirstjórn félagsins með það að markmiði að finna úrræði til að auka enn á ánægju starfsfólks.

Mat Attentus er að starfsfólk sé almennt mjög ánægt og stolt og að það komi mjög greinilega fram í niðurstöðum starfsánægjukönunarinnar.

Athugasemdir Attentus um niðurstöður kannana eru þessar: "Niðurstöður ur viðhorfskönnum starfsmanna og einnig úr viðhorfskönnum foreldra barna i skólam Hjallastefnunnar sýna svo ekki sé um villst að það er verið að vinna gott starf á þessum stöðum. Við hjá Attentus höfum gert margar kannanir fyrir fyrirtæki og einnig farið yfir margar slíkar kannanir fyrir fyrirtæki og það er ekki oft sem niðurstöður eru svona skýrar."

Gæðapróun

Í vetrar átti sér einnig stað verkefni í gæðapróun með nokkrum fulltrúum Hjallastefnuleikskóla undir stjórn Lilju Sigurðardóttur uppeldisfræðings. Hugmyndin að baki gæðapróuninni var valdefling og með þá hugsun að leiðarljósi hófst vinna við að hanna mælitæki sem auðveldaði leikskólum að meta einstaka þætti í starfi sínu og vinna úr gögnunum og verða þannig betur í stakk búnir til að uppfylla lagalega skyldu sína um innra mat. Árangur þessarar teymisvinnu var með eindæmum góður og liggur nú fyrir forþrófað mælitæki sem gerir starfsfólk skólanna kleift að skoða framkvæmd valfunda og gæði þess opna efniviðar sem börnum er boðið upp á. Mælitækið verður tekið í notkun á haustönn í öllum leikskólum Hjallastefnunnar og munu nú verða kannaðar svipaðar leiðir til að hanna áhöld til að auðvelda Barnaskólunum að rýna í einstaka þætti grunnskólastarfs.

Gæði í skólastarfi eru eitt af helstu áherslumálum Hjallastefnunnar og því eru gæðakannanir og þróun teknar mjög alvarlega innan félagsins. Mikill metnaður ríkir í stjórnendateymi skólanna og í yfirstjórm félagsins um að líðan barna og starfsfólks sé eins góð og fremst er á kosið og að fagstarf skólanna okkar sé í hæsta gæðaflokki.

Með bestu kveðjum,

Þórdís Jóna Sigurðardóttir stjórnarformaður